

Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafjörður

Ísafirði 11. júní 2019
Eingöngu m. tölvupósti

Málefni: Plæging ljósleiðara og rafstrengs í Dýrafirði og Önundarfirði – Áfangar 1-3.

Í tengslum við samning milli Ísafjarðarbæjar og Snerpu sem undirritaður var 3. maí 2019 óskar Snerpa hér með því við Skipulags- og mannvirkjanefnd að **tekin verði afstaða til jarðvegsframkvæmda Snerpu** sem felast í plægingu á ljósleiðara- og rafstreng í sunnanverðum Dýrafirði og innanverðum Önundarfirði. Til upplýsingar hefur Snerpa samið við Orkubú Vestfjarða um sameiginlega framkvæmd við ljósleiðaravæðingu og þrífösun rafmagns í Dýrafirði, sem mun leiða til samlegðar og lágmarksrasks á landi. Lagnaleiðin verður öll plægð, nema stuttur kafli, innan við 1 km þar sem farið er yfir Sandafellsháls þar sem talið er líklegt að þurfi að fleyga hluta leiðar og grafa strengina. Jafnað verður yfir með sams konar yfirborði og er fyrir þar.

Óskað er eftir að nefndin samþykki að um óverulega framkvæmd sé að ræða sbr. fyrsta viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sjá lið 10.21 og sé ekki tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar.

Ljósleiðari ásamt rafstreng er plægður í þremur aðskildum áföngum.

Áfangi 1: Plæging frá Skeiði innan við Þingeyri um bæjarland að Granda, Brekku og Bakka í Brekkudal. Þaðan að Múla, Kirkjubóli og að Hólum.

Áfangi 2: Plæging frá Hólum út í Meðaldal, þaðan í Haukadal og áfram út að Sveinseyrarvatni ofanverðu að fjöru þar utanvið.

Áfangi 3: Plæging frá Ytri-Veðrará að Innri Veðrará og frá Skeiði að Kirkjubóli í Korpudal, þaðan að Hesti og Hóli.

Óskað samþykkis Ísafjarðarbæjar vegna lagnaleiðar um bæjarland milli Skeiðis og Granda.

Að ofansögðu upplýsist einnig sbr. 69. gr. fjarskiptalaga að samráð hefur verið haft við fulltrúa landeigenda á öllum lagnaleiðum sem samþykkja fyrir sitt leyti lagnaleiðina. Gert er ráð fyrir að framkvæmd og frágangur yfirborðs verði með þeim hætti að af framkvæmdinni verði lágmarksrask og að gróður nái að jafna sig að fullu á 1-3 árum og að landeigendur séu skaðlausir af öllum framkvæmdum tengdu verkinu.



f.h. Snerpu ehf.